

Fundarboð

3. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2018-2019 15. janúar 2019 kl. 11:40 – 13:00 í Heppuskóla – stofu 8

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Fundarritari: Anna Björg Kristjánsdóttir

Mættir: Anna Björg Kristjánsdóttir, Elín Magnúsdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir, Anna María Harðardóttir, Daníel Snær Garðarsson, Kristín Hermannsdóttir, Margrét Kristinsdóttir, Gunnhildur Imsland, Þórgunnur Torfadóttir. Gestur Lena Hrönn Marteinsdóttir.

Dagskrá :

- 1. Forvarnarvinna í skólanum** – Lena Hrönn Marteinsdóttir námsráðgjafi skólans og fulltrúi í forvarnarhópi sveitarfélagsins segir frá forvarnarvinnu í skólanum. Umræður og fyrirspurnir samhliða kynningu.

Lena kynnti skjal fyrir forvarnir og hvernig það virkar og hvernig á að vinna með það, hver ber ábyrgð á hverjum þætti. Skjalið hefur ekki verið nógu mikið notað og stefnan er að nota það markvissara. Lena fór yfir forvarnarstefnu skólans sem hægt er að finna á heimasíðu skólans. Hún kynnti einnig nýjung í Hafnarskóla sem kallað er félagsfærni ver en þar er sérstaklega unnið með félagsfærni nemenda og reynt að grípa snemma inn í erfið samskipta og hegðunarmál. Lena sagði frá vinnuhóp á vegum sveitarfélagsins sem samanstendur af fólki víðs vegar að úr samfélaginu. Viðfangsefnið er lýðheilsa og forvarnar. Hluti af þessum hóp myndar svo aðgerðarhóp sem hittist oft og fer lengra með ákveðin mál

Nokkur umræða varð um foreldrasáttmála sem gerðir hafa verið í bekkjum og hvernig gengur að fylgja þeim eftir. Stóra spurningin er alltaf hvernig er hægt að virkja foreldra betur og efla samstarfið á milli skóla og heimila. Mikilvægt er að skólinn sé alltaf á tánum þegar kemur að forvörnum og sinni þeim af kostgæfni en og styðji líka foreldra eftir fremsta megni og stuðli að samstarfi þeirra á milli og við skólann því foreldrar skipta höfuðmáli í forvörnum.

- 2. Niðurstöður samræmdra prófa** – engar frekari niðurstöður eru komnar frá MMS
- 3. Jólahittingurinn** – hvernig tókst til? Eigum við að halda áfram með jólahitting í samstarfi við foreldrafélag. 165 skrifuðu í gestabók og 115 borguðu fyrir kakó og smákökur. Ánægja hjá þeim sem voru á hittingnum, spurning hvort foreldrafélagið vilji halda áfram þessu samstarfi þegar er jólahittingur. Það gekk ekki vel að fá foreldra í þessi hlutverk, stjórnin sjálf stóð að þessu. Spurning hvort eigi að skipta bekkjahittingum í desember út fyrir Jólahittinginn. Margrét ætlar að ræða þetta innan foreldrafélagsins.

- 4. Önnur mál**

- a. Skóladagatal næsta vetrar, eigum við að hafa vetrarfrí?**

Í viðhengi er skóladagatal næsta vetrar en ath. að það hefur litla umfjöllun fengið innan skólans heldur er því hent fram fyrst og fremst til að ræða hugmyndir foreldra um vetrarfrí. Starfsmenn lögðu til að gerð yrði könnun meðal foreldra um áhuga á vetrarfrí og skólaráð var hlynnt því og mælti með því að sú könnun færi fram að loknum frídögum í febrúar.

- b. Hreyfing á vinnutíma.** Bæjarstjórn hefur samþykkt að leyfa starfsmönnum í Grunnskóla Hornafjarðar að þróa verkefni sem heitir Hreyfing á vinnutíma. Það felst í því að starfsmenn hafa kost á að fara úr vinnunni og hreyfa sig einu sinni til tvisvar sinnum í viku, klukkustund í senn, eftir starfshlutfalli. Með þessu er ekki verið að slá af kröfum eða vinnuframlagi heldur fyrst og fremst verið að hvetja til hreyfingar og gera fólki auðveldara að stunda hreyfingu yfir daginn. Brjóta upp vinnudaginn og koma til móts við fjölskyldulíf. Miðað er við að þetta hefjist um næstu mánaðamót og standi fram á vor. Gerð verður könnun meðal þeirra starfsmanna sem taka þátt fyrir og eftir að verkefnið hefst. Ekki er verið að gefa afslátt á vinnu heldur sveigjanleika.
- c. Bílar í gangi fyrir utan stofnanir.** Er hægt að virkja nemendur í umhverfisnefndinni til að hafa áhrif á fólk svo að það skilji bílana ekki eftir í gangi. – Málið sent til umhverfisnefndarinnar
- d. Atriði sem nemendur telja að bæti skólastarfið. Þessar hugmyndir komu frá hópi sem var í textíl fyrir um morguninn.**
 - i. Þeir vilja handþurrkur á klósettin í staðinn fyrir rafmagnstækin.** Sjálfsagt að skoða hvaða möguleikar eru á því.
 - ii. Sjálfsala í skólann.** Ekki rætt.
 - iii. Heimavinnutíma fyrir alla eftir skóla.** Nemendum í 7. – 10. bekk gefst nú þegar færi á að velja heimavinnu á fimmtudögum og þeim er velkomið að læra eftir skóla í skólanum. Á þriðjudögum geta þeir fengið aðstoð við heimanám í Nýheimum. Þetta þarf þó kannski að kynna betur.
 - iv. Senda út tölvupóst ef það er gat hjá nemendum í smiðju í fyrsta tíma.** Það er einungis hægt þegar fyrir fram er vitað af forföllum.
- e. Næsti fundur þriðjudaginn 26. febrúar.**